

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

15. desember 2017
UST201711-073/R.K.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Einkunnir - tillaga

Vísað er til bréfs umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar dags. 2. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í greinargerð kemur fram að áætlaðar breytingar fela í sér bætt aðgengi og bætt innviði innan fólkvangs Einkunna í Borgarbyggð. Helstu mannvirki sem um ræðir eru; bílastæði, salernishús, áningarsvæði, veiðibryggja, reiðgata og gönguleiðir. Auk þess skilgreinir nýja deiliskipulagið byggingarreit fyrir náttúruskóla, lóð fyrir starfsemi Skátafélags Borgarness og vegalagfæringar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir fyrirleggjandi breytingartillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi.

- Umhverfisstofnun hefur falið Borgarbyggð umsjón og rekstur fólkvangsins Einkunna með samningi skv. 85. gr laga nr 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að taka þurfi sérstakt mið af ákvæðum 6. og 7. gr. þess samnings við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þá er minnt á að jarðrask og mannvirkjagerð er einnig háð leyfi umsjónarnefndar fólkvangsins og skal vera í samræmi við samþykktu uppbyggingu fólkvangsins sbr. 7. gr. samningsins.
- Umhverfisstofnun telur mikilvægt að mannvirki í fólkvanginum falli sem best að landslagi, m.t.t. hönnunar, litar og efnisvals, til að lágmarka neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðis.
- Í 6. kafla greinargerðar er fjallað um lagningu vatnsveitu og rafmagn inn á svæðið og í 8. kafla er fjallað um uppsetningu rotþróar. Umhverfisstofnun telur áform um slíka innviði jákvæð en minnir á að slíkar framkvæmdir eru háðar leyfi stofnunarinnar skv. 7. gr. friðlýsingarskilmála fólkvangsins Einkunna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í deiliskipulagi sé fjallað nánar um lagningu rafmagns- og vatnsveitu sem og gerð rotþróar við salernisaðstöðu.

- 8. kafli greinagerðar fjallar um fráveitumál þar sem áform eru um uppsetningu þriggja hólfa rotþróar með siturlögn. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Stofnunin telur að betur þurfi að koma fram í deiliskipulagi hvort um ræðið viðbót við núverandi salernisaðstöðu eða hvort um ræðir lagfæringar á aðstöðu.
- Í greinagerð er stundum óskýrt hvort um ræðir núverandi innviði eða fyrirhugaða innviði sem eftir á að reisa, sjá kafla 9. 10 og 11.
- Í 14. kafla greinagerðar er fjallað um skilti og fræðslu. Umhverfisstofnun vill benda á að aðkomuskilti fólkvangsins stendur á óhentugum stað hvað varðar öryggi. Skiltið stendur við blindhæð og án útskots. Þá er ekki nógu skýrt greint frá í 15. kafla greinagerðar, vegir og bílastæði, hvar útskotið skal gert og hvort sú framkvæmd verði samræmd skilti við aðkomuhlíð. Stofnunin telur að lagfæra þurfi staðsetningu aðkomuskiltis m.t.t. til öryggis og að fjalla þurfi um þetta í nýju deiliskipulagi.
- Í 16. kafla greinagerðar er fjallað um gönguleiðir. Við framkvæmdir á gönguleið á milli Álatjarnar og Háfsvatns, skal gæta þess að raska ekki mýrlendi að óþörfu að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur þetta sérstaklega mikilvægt vegna tilvistar votlendisvistgerða á svæðinu sem hafa mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (2016). Vistir líkt og brokflóavist og starungsmýravist.
- Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að við fyrirhugaðar framkvæmdir í Einkunnum, sé þess gætt að forðast allt óþarfa rask. Einnig er mikilvægt að efnistaka sé framkvæmd með ábyrgum hætti á viðurkenndum efnistökusvæðum.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi framkvæmdir eins og þeim er lýst í greinagerð.

Umhverfisstofnun telur að áætlanir um framkvæmdir í Einkunnum séu að mestu leyti í samræmi við nýtingu verndaðs svæðis skv. 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og 7. gr. samnings um umsjón og rekstur fólkvangsins Einkunna í landi Hamars í Borgarbyggð, frá 2006, sem varðar landnotkun og mannvirkjagerð innan fólkvangsins.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur